

Fundargerð 465

Þriðjudaginn 16. október 2018 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar að Hafnargötu 3, Stykkishólmi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson (IG) stjórnarformaður, Einar E. Einarsson (EEE), Gunnar Þorgeirsson (GP), Karl Björnsson (KB) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar, Pétur Ingi Grétarsson (PG) lánasérfræðingur á fyrirtækjasviði, Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gunnar Þór Sigbjörnsson og María Hjálmarsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 9:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Fundargerðir lánanefndar - til afgreiðslu
3. Leiga á viðbótar skrifstofurými - til afgreiðslu
4. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu
5. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 - til kynningar
6. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs - til kynningar
7. Eignarhaldsfélög og hlutafé í eigu Byggðastofnunar - til kynningar
8. Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta fundar nr. 464. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Fundargerðir lánanefndar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lágu fundargerðir lánanefndar nr. 32/18, 33/18 og 34/18 auk greinargerðir þeirra mála sem lögð eru fyrir stjórn.

EEE spurði um mál Jörfabænda og fór AME yfir það og samskipti við RML. Til máls tóku IG, GP og AÞ

Umræður urðu um framtíð kvótakerfis í mjólk. Til máls tóku IG, GP, EEE og AÞ

...

...

...

HÁ vék af fundi og PG kom á fundinn

3. Leiga á viðbótar skrifstofurými - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá minnisblað forstöðumanns rekstrarsvið um leigu á viðbótarrými að Ártorgi 1 og kostnað við að standsetja það. Þar sem starfsfólki Byggðastofnunar hefur

fjölgað vegna aukinna verkefna er staðan nú sú að núverandi skrifstofurými stofnunarinnar er orðið of lítið. Þá hefur skortur á fundarherbergjum oft verið tilfinnanlegur en í dag er í raun einungis eitt fundarrými til staðar auk fundarrýmis á skrifstofu forstjóra.

Til að brúa bilið þar til fyrirhuguð nýbygging fyrir starfsemi stofnunarinnar er risin er lagt til að forstjóra verði veitt heimild að skrifa undir leigusamning við Kaupfélag Skagfirðinga um tímabundna leigu á 82 fm. til viðbótar á Ártorgi 1 í rými sem nýlega losnaði á sömu hæð og skrifstofa stofnunarinnar er.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

4. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá minnisblað umsjónarmanns áhættustýringar um tillögur um breytingar á núverandi áhættustefnu stofnunarinnar sem samþykkt var í janúar 2018. Auk þess lágu tillögur að breytingu og lokaskjal áhættustefnunnar fyrir fundinum. HP og AME fóru yfir tillögurnar en um minniháttar breytingar er að ræða.

Til máls tóku KB, IG og AÐ

Engar athugasemdir komu fram. Formaður bar upp tillögurnar og voru þær samþykktar samhljóða.

5. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 - til kynningar

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar 2018 og staða rekstrar 30. september 2018

AÐ fór yfir framfylgdina og reksturinn. Þá sagði hann frá nýrri starfs- og endurmenntunarstefnu stofnunarinnar.

Minnisblað um áhrif ógildingar fiskeldisleyfa í Patreksfirði og Tálknafirði.

Fyrir fundinum lá minnisblað sem gert var að beiðni forsætisráðuneytisins um áhrif ógildingar fiskeldisleyfa í Patreksfirði og á Tálknafirði sem AÐ fór yfir.

Standi úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um ógildingu rekstrarleyfa Fjarðarlax hf. og Arctic Sea Farm hf. yrði það gríðarlegt áfall fyrir samfélagið á Vestfjörðum þar sem miklar vonir hafa verið bundnar við að fiskeldi myndi snúa við neikvæðri atvinnu- og íbúapróun undanfarinna áratuga.

Minnisblað um stöðu atvinnumála í Strandabyggð.

Fyrir fundinum lá minnisblað sem gert var að beiðni forsætis- og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um stöðu byggðar og atvinnumála í Strandabyggð í framhaldi af greiðslustöðvun rækjuvinnslunnar Hólmadrangs sem AÐ fór yfir.

Umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019.

Fyrir fundinum lá umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019 sem AÐ fór yfir. Skv. 14. grein laga um opinber fjármál nr. 123/2015 skal Byggðastofnun innan fjögurra vikna frá framlagningu fjárlagafrumvarps gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðapróun í landinu. Í því felst m.a. að í umsögn Byggðastofnunar skuli fjallað um hvernig stefna hvers ráðherra skv. 20. gr. frumvarpsins, fyrir þau málaefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á, samræmist byggðaáætlun og sóknaráætlunum landshluta sem fram koma í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun.

Í frumvarpi til fjárlaga er ekki birt yfirlit yfir landfræðilega dreifingu tekna og útgjalda ríkisins. Ekki er heldur sýnd landfræðileg dreifing starfa á vegum ríkisins, opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins og starfa í stofnunum sem hafa stóran hluta tekna sinna af fjárlögum. Þetta mótar mjög umsögn Byggðastofnunar um frumvarpið og veldur því að erfitt er að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með 14. gr. laga um opinber fjármál.

Til máls tóku allir stjórnarmenn. Í umræðum kom fram að eðlilegt væri að taka í umsögn skýra afstöðu til þeirra málefnasviða opinberra fjármála sem helst tengjast byggðasjónarmiðum og að mikilvægt væri að ná samstöðu með fjárlaganefnd og fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hvernig markmiðum 14. gr. laga um opinber fjármál verði best náð.

KB spurði um hvernig gengi vinna við þjónustukort. SBS sagði frá að hægt gangi að afla upplýsinga þó vilji sé víðast til að leggja lið við upplýsingaöflun

GP spurðist fyrir um minnisblað um stöðu minkaræktar sem sent var ráðherra. AP sagðist myndi senda stjórnarmönnum það. IG sagði frá innihaldi minnisblaðsins og þeim tillögum sem þar koma fram.

6. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum lá Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs 2018 sem HP kynnti. Reksturinn er innan allra þeirra viðmiðunarmarka sem sett eru í áhættustefnu stofnunarinnar.

EEE og IG tóku til máls.

7. Eignarhaldsfélög og hlutafé í eigu Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum lá kynning á hlutabréfum í eigu Byggðastofnunar og tilurð þeirra sem PG fór yfir.

KB spurði um á hversu gömlum upplýsingum væri byggt þegar verið væri að meta félögin og upplýsti PG að upplýsingar um verðmætustu félögin væru ekki eldri en 6 mánaða.

8. Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar

Fyrir fundinum lá samantekt um flutningsjöfnunarstyrki ársins 2018. HP sagði frá fyrirhuguðum breytingum á lögum um flutningsjöfnun.

9. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

10. Næsti fundur

Næsti fundur verður 16. nóvember nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:50

Magnús Helgason, fundarritari
